

S A M Þ Y K K T I R

FYRIR

ÖSSUR H/F

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.
2. Hlutfé félagsins.
3. Stjórnskipulag.
4. Hluthafafundir.
5. Stjórn félagsins.
6. Framkvæmdastjóri.
7. Reikningar og endurskoðun.
8. Eigið hlutfé félagsins.
9. Breytingar á samþykktum félagsins.
10. Slit á félaginu.
11. Önnur ákvæði.

30. október 2007

S A M Þ Y K K T I R
fyrir hlutafélagið
Össur hf.

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

- 1.01 Heiti félagsins er Össur hf.
- 1.02 Félagið er hlutafélag.
- 1.03 Lögheimili er að Grjóthálsi 5 og varnarþing er í Reykjavík.
- 1.04 Tilgangur félagsins er þróun og sala stoðtækja og íhluta á sviði bæklunar- og endurhæfingalækninga svo og hverskyns þjónusta við heilbrigðisstéttir og sjúklinga. Rekstur stoðtækjaverkstæða, þróun og sala á vörum til annarra nota, fjárfesting og þátttaka í öðrum félögum og önnur skyld starfsemi.

2. Hlutafé félagsins.

Hlutafé - hlutir.

- 2.01 Hlutafé félagsins er kr. 423.000.000 – fjögur hundruð tuttugu og þrjár milljónir króna - að nafnverði.

(Breytt á stjórnarfundum 28. mars 2000, 30. júní 2000, 27. október 2000 og 4. desember 2000 og á hluthafafundi 13. febrúar 2004 er hlutafé var lækkað, svo og 4. október 2005. Hækkað með heimild stjórnar 30. október 2007).

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins í áföngum á fimm árum um allt að kr. 209.608.310 – tvöhundruð og níummilljónir sexhundruð og áttapúsund þrjúhundruð og tíu krónur - að nafnverði, þannig:

- A) um allt að kr. 9.608.310 – níummilljónir sexhundruð og áttapúsund þrjúhundruð og tíu krónur- að nafnverði, er verði seldar með forgangsrétti hluthafa eftir samþykktum félagsins og V. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra.
- B) um allt að kr. 200.000.000 – tvöhundruðmilljónir króna- að nafnverði, með sölu nýrra hluta án þess að forgangsréttarákvæði 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög eigi við. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé.

(2 mgr. kemur ný inn á hluthafafundi 19. ágúst 2005 og breytt 4. október 2005 þegar heimild var nýtt að hluta. Eldri 2.,3.,4. og 5 mgr. jafnframt felldar út 19. ágúst 2005. Heimild stjórnar hækkuð 23. febrúar 2007 úr kr. 10.600.553 í kr. 209.608.310 og setningu bætt aftan við lið B).

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins í áföngum á fimm árum um allt að kr. 434.491 – fjögurhundruðþrjátíuogfjögurpúsundfjögurhundruð níutíuogein króna – að nafnverði. Stjórninni verði heimilt að selja aukningarhlutféð án þess að forgangsréttarákvæði 34. greinar laga nr. 2/1995 um hlutfélög eigi við. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra.

(Ný málsgrein, samþykkt á aðalfundi 24. febrúar 2006 og breytt 30. október 2007 þegar heimildin var nýtt að hluta)

Heimilt er að skipta hlutfénu í þá hluti sem henta þykir. Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutfé hvers hluthafa í félaginu og gildir það sama við aukningu hlutafjár sbr. gr. 2.02.

Félaginu er skylt að skipta hlutabréfum í smærri einingar ef fram kemur rökstudd beiðni þar um, svo sem við búskipti.

Aukning hlutafjár - forgangsréttur.

2.02 Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

Fer aukningin fram eftir þeim reglum sem hluthafafundur setur hverju sinni. Hluthafar eiga forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína, en heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga, ef hluthafafundur samþykkir með 2/3 hlutum atkvæða í félaginu.

Hlutabréf - hlutaskrá

2.03 Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu skal honum afhent hlutabréf sem stjórnin gefur út og veitir það honum full réttindi þau sem samþykktir félagsins mæla fyrir um.

2.04 Hlutabréf félagsins skulu vera tölusett í áframhaldandi númeraröð og hljóða á nafn. Í þeim skal greina:

- a) Heimilisfang og kennitölu hluthafa og félagsins.
- b) Fjárhæð hlutarins, númer hlutabréfsins og útgáfudag.
- c) Skorður þær sem reistar eru við heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.
- d) Heimild til að ógilda hlutabréfið án dóms.

Stjórnin skal halda skrá yfir hlutabréfin og þar skal greina:

- a) Útgáfudag hlutabréfsins.
- b) Nafnverð bréfsins og númer þess.
- c) Til handa hverjum hlutabréfið var gefið út, heimilisfangs hans og kennitölu. Ennfremur skal geta eigendaskipta og skráningardags.
- d) Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eiganda bréfsins, svo sem ef bréfið er ógilt með eða án dóms.

Gagnvart félaginu skal hluthafaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa á hluthafaskrá félagsins. Þer félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti.

Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi fá nýtt bréf jafnskjótt og félagsstjórninni hafa verið færðar sönnur á að fenginn hafi verið ógildingardómur á hinu glataða bréfi eða hlutabréfið verið ógilt með birtingu áskorunar í Lögbirtingablaði, enda greiði hann allan kostnað við það. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður eigi villst um tölu þess og efni, getur eigandi þess fengið nýtt hlutabréf á sinn kostnað gegn því að skila aftur hinu skemmda bréfi.

Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í samræmi við lög um rafræna skráningu verðbréfa.

Bann við lánveitingu.

2.05 Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í félaginu.

Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjóra félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Sala hlutabréfa.

2.06 Engar hömlur eru á meðferð hlutfjár í félaginu.

2.07 Hver hluthafi skal tilkynna félaginu heimilisfang sitt og má þangað senda allar tilkynningar um félagsmálefni. Láti einhver hluthafi hjá líða að skýra frá slíkri utánáskrift, á hann hvorki heimtingu á að fá tilkynningu, sem stjórnin kynni að ákveða að senda til hluthafa, nema því aðeins að stjórn félagsins sé kunnugt um heimilisfang hans, né heldur að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur hann hins vegar vitjað á skrifstofu félagsins innan fjögurra ára frá því að hann varð gjaldkræfur.

2.08 Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar frá þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar verða aldrei, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutfjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu.

3. Stjórnskipulag.

3.01 Með stjórn félagsins fara:

1. Hluthafafundir.
2. Stjórn félagsins.
3. Framkvæmdastjóri.

4. Hluthafafundir.

4.01 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Umboð.

Hluthafi getur látið umboðsmenn sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

Hluthafafundur.

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Aðalfundur.

4.02 Aðalfund skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert.

Aðalfund skal boða á sama hátt og aðra hluthafafundi.

Dagskrá aðalfundar.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Kosning stjórnar félagsins sbr. gr. 5.01.
6. Kosning endurskoðenda sbr. gr. 7.02.
7. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkt að taka til meðferðar.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 og 4 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Boðun hluthafafunda.

- 4.03 Hluthafafundir skulu boðaðir með auglýsingu í fjölmiðlum, bréflaga, með símskeyti, símbréfi eða tölvupósti.

Hluthafafundi skal boða með með tveggja vikna fyrirvara hið stysta.

Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Fundarsköp.

Stjórn félagsins skal kveða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess og greina frá fundarefni.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið fyrir til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Fundarstjórn.

- 4.04 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs og tilnefni hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, ákveður form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Gerðabók.

Halda skal sérstaka gjörðabók og skrá þar allar ákvarðanir fundarins og úrslit atkvæðagreiðslna og gagnorða fundargerð. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt skal fundarstjóri undirrita hana ásamt ritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess, sem fram hefur farið á hverjum fundi félagsins.

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi hluthafa.

Atkvæðavægi.

- 4.05 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim er greinir í 94. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995.

Atkvæðagreiðslur skulu jafnan vera skriflegar, ef einhver fundarmanna krefst þess.

Réttur til fundarsetu.

- 4.06 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

Til þess að hafa atkvæðisrétt á fundi skal hluthafi hafa verið skráður í bækur félagsins í síðasta lagi átta dögum fyrir fundinn. Í byrjun hvers fundar skal athuga hvort menn hafi rétt til að sitja fundinn og greiða atkvæði.

Dagskrá - fundargögn.

- 4.07 Endanleg dagskrá og allar aðaltillögur, sem koma eiga til atkvæða á fundum félagsins, skulu liggja frammi á skrifstofu þess hluthöfum til sýnis eigi skemur en sjö sólarhringum fyrir fund.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Löglega fram bornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

Reikningar félagsins ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarmanna og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

5. Stjórn félagsins.

- 5.01 Stjórn félagsins skal skipuð 5 (fimm) mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. (Breytt á aðalfundi 24. febrúar 2006).

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutfjárins, krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

Verkaskipting stjórnar.

- 5.02 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum. Stjórnin skal setja sér nánari starfsreglur og kveða á um starfa stjórnarinnar.

Boðun stjórnarfunda.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Skal hann sjá til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir. Stjórnarfundur skal halda hvenær sem hann telur þess þörf eða einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.

Lögmæti stjórnarfunda.

Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti aðalstjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögmætum fyrirmælum. Verði atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða.

Stjórnendur skulu halda gjörðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

- 5.03 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Megin skyldustörf hennar eru:

1. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
2. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
3. Að koma fram fyrir hönd félagsins fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
4. Að skera úr ágreiningi, sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
5. Að ákveða hver eða hverjir skulu skuldbinda félagið.
6. Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsyn á hverju sinni.

- 5.04 Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Mikilvægar ákvarðanir, svo sem kaup og sala fasteigna, má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið. Gildir slíkt einnig um meiriháttar lántökur sem krefjast veðsetninga eigna félagsins.

6. Framkvæmdastjóri.

- 6.01 Stjórnin skal ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins eða samkvæmt samþykktum þess. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

- 6.02 Framkvæmdastjóra er skylt að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðendum allar upplýsingar sem þeir óska. Heimilt er að ráða stjórnarmann framkvæmdastjóra.

7. Reikningar og endurskoðun.

- 7.01 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann hafa að geyma rekstursreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar.

- 7.02 Á aðalfundi skal kjósa endurskoðanda sem skal vera endurskoðendafélag til eins árs. Endurskoðandi má þó ekki vera stjórnarmaður félagsins, framkvæmdastjóri eða starfsmaður þess.

Endurskoðandi skal rannsaka ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og fjárhagsstöðu og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum.

Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund. Ber honum þá að senda endurskoðaða reikninga til stjórnar félagsins, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðanda og skulu þau og athugasemdirnar liggja hluthöfum til sýnis, ásamt ársreikningi a.m.k. viku fyrir fundinn.

- 7.03 Ársreikningur skal sýna skilmerkilega og ítarlega tekjur og gjöld fyrirtækisins, eignir þess og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum félagsins.

8. Eigið hlutafé félagsins.

- 8.01 Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% -tíu af hundraði-. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni. Atkvæðisréttur fylgir ekki eigin hlutum félagsins.

9. Breytingar á samþykktum félagsins.

- 9.01 Samþykktum félagsins, umfram það sem hlutafélagalög leyfa, verður einungis breytt á lögmætum hluthafafundi. Ákvörðun um breytingar á

samþykktum verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Með tillögur um niðurfærslur á hlutafé félagsins skal farið sem samþykktabreytingar.

Ákvæði samþykktar þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki 9/10 -níu tíundu- hluta allra atkvæða, sbr. 94. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995.

10. Slit á félaginu.

10.01 Um slit á félaginu gilda ákvæði hlutafélagalaga, XIII kafla, nr. 2/1995.

Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

11. Önnur ákvæði.

11.01 Þar sem ákvæði samþykktar þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

(Millifyrirsagnir innan einstakra kafla eru ekki hluti samþykktanna.)

Samþykktir þessar voru samþykktar á hluthafafundi í félaginu hinn 2. nóvember 1995.

Á eftirtöldum hluthafafundum hafa verið samþykktar breytingar á samþykktunum:

- 1) Aðalfundi 26. júlí 1996.
- 2) Aðalfundi 9. apríl 1999.
- 3) Hluthafafundi 5. júlí 1999.
- 4) Aðalfundi 24. mars 2000.
- 5) Hluthafafundi 4. desember 2000.
- 6) Hluthafafundi 21. febrúar 2003.
- 7) Aðalfundi 13. febrúar 2004: Hlutafé lækkað um kr. 10.000.000.
- 8) Hluthafafundi 19. ágúst 2005: Ný 2. mgr. í gr. 2.01. Eldri heimildir í 2.,3.,4. og 5. mgr. jafnframt felldar út.
- 9) Aðalfundi 24. febrúar 2006: Bætt við heimildum til hlutafjárhækkunar í 2.01 og stjórnarmönnum fækkað úr sjö í fimm í 5.01.
- 10) Aðalfundi 23. febrúar 2007: Heimild stjórnar til að auka hlutafé félagsins aukin úr kr. 10.600.553 í kr. 209.608.310 í lið 2.01. Setningu bætt aftast í lið B í 2. mgr. í gr. 2.01.

Þá hefur stjórn félagsins gert neðangreindar breytingar á samþykktunum:

- 1) 22. júlí 1999 er stjórnin nýtt hluta heimildar 2. mgr. í gr. 2.01 til aukningar hlutafjár um kr. 13.937.460 og hluta heimildar í 3. mgr. í gr. 2.01 um kr. 38.000.000.
- 2) 28. mars 2000 er stjórnin nýtt heimild sem var í A. lið 4. mgr. í gr. 2.01 um hækkun hlutafjár um kr. 60.000.000.
- 3) 30. júní 2000, er nýttur var hluti heimildar til hækkunar skv. 2. mgr. í gr. 2.01.
- 4) 27. október 2000, er nýttur var hluti heimildar til hækkunar skv. 3. t. í gr. 2.01 um kr. 4.912.435.
- 5) 4. desember 2000 var hlutafé hækkað um kr. 46.291.460.
- 6) 4. október 2005 var hlutafé hækkað um kr. 66.499.447 og hækkunarheimildir skv. A og B lið í gr. 2.01 þar með nýttar að hluta.
- 7) 30. október 2007 var hlutafé hækkað um kr. 38.059.553 og hækkunarheimild skv. 3. mgr. í gr. 2.01 þar með nýtt að hluta.

Reykjavík, 30. október 2007

Jón Sigurðsson
forstjóri og prókúruhafi